

## Fundur stjórnar foreldrafélags Öldutúnsskóla, 14. mars 2016.

Mætt: Ingibjörg, Ingvar, Stefanía, Sigríður, Valerie

Valdimar Viðisson Skólastjóri

Boðuð forföll: Íris, Inga, Nikúlás, Snædís og Þröstur

### 1. Valdimar segir frá:

#### a. Nýr einkunnarskali A-D fyrir 10 bekk:

- Á þessu skólaári er 10. bekkur útskrifaður með A-D einkunn, allir aðrir bekkir ennþá með gamla kerfið. Skólaárið 2016-17 breytist svo einkunnarkerfi fyrir allan grunnskólann.
- Menntamálaráðuneytið ætlaði að kynna þessa breytingar fyrr og halda kynningarfund í sept. 2015. En því var frestað þangað til í febrúar, þess vegna kemur þetta kerfi eingöngu fyrir 10. bekk.
- Fyrir 10. bekk er mynd hér fyrir neðan hvernig Öldutúnsskóli ætlar að hafa lokamat, deildastjórar alla grunnskóla í Hfj. hafa unnið að þessu plaggi.
- Í Öldutúnsskóla er búið að halda fund með nemendum til að kynna breytingar og þann 15.3. verður haldinn fundur með foreldrum.
- Taflan hér fyrir neðan gildir bara fyrir 10. bekk 2015/16
- Á skólaári 2016/17 og þar eftir er A-D kerfi ekki lengur beintengt tölulegum einkunnum, heldur verður einkunn gefin eftir því hvort nemandi er búinn að ná ákveðnum hæfnisviðmiðum. T.d. á kaflaprófi: „er nemandi búin að á ná því færni sem var spurt eftir í þessu kaflaprófi?“
- Fyrir nýja einkunnarskalann er mjög mikilvægt að það verði búið að skilgreina hæfnisviðmið samkvæmt námskrá.
- Kostur er að nemendur vita nákvæmlega hvað er ætlast til af þeim til þess að ná ákveðinni einkunn.
- Kennarinn hefur líka aðeins meiri sveigjanleika í einkunnagjöf (?)
- Einkunn A þýðir að nemandinn er búin að ná langflestum viðmiðum og er kominn fram yfir sett viðmið, hann gæti stökkið upp um stig í því fagi.

#### b. Nýjir nemendur í skólanum: í apríl mun Hfj. taka á móti nokkrum fjölskyldum frá Sýrlandi og Írak. Níu börn munu koma í Öldutúnsskóla. Fyrir það verða gerðar ráðstafarnir í

Öldutúnsskóla:

- Arabísku mælandi stuðningsfulltrúi
- 1.4. kemur nýr kennari
- Undirbúa stofur og námsefni
- Unnið í samstarfi með nýbúadeild Lækjarskóla sem hafa mikla reynslu í að taka við erlendum nemendum (deildin Lækjarskóli er full, þess vegna verða börnin í Öldutúnsskóla)
- Börnin hafa flest ekki verið í skólum síðustu árin. Þau eru í aldrinum 6-16 ára og verða börn í flestum árgöngum. Til að byrja með verða börnin 2-4 tíma sér með kennara og stuðningsfulltrúa, svo verða þau meira og meira tengd bekkjunum.

#### c. Haustfundirnir verða með breyttu sniði á næsta skólaári. Mikilvægt er að fá sem flesta foreldra til að mæta.

- d. Viðhald skólans: Í B-álmum (geymslurými og náttúrufræðistofa) hefur komið fram myglusveppur og var hann uppgötvaður á skólaári. Einn kennari hefur verið lasinn út af þessu. Það er búin að laga B-álmum. En það sýnir að bærinn þarf að setja fjármagn í viðgerðir á húsinu! Það hefur lítið verið gert síðustu árin. Sama gildir með uppbyggingu skólalóðar.
- e. Fræðsla:
- vindmyllur og rafmagn var mjög vinsælt og fengu allir bekkir í skólanum kynningu
  - fjármálavit
- f. Almenn er ánægja nemenda með skólann mikil og að aukast (mælt með skólapúlsi). Til dæmis aðstaða fyrir unglunga „Hamarinn“ er mjög vinsæl hjá unglingum og passa þau vel upp á rýmið sitt. Hegðunarbrot hafa stöðugt farið minnkandi síðan 2008.
- g. Kvíði barna er að aukast í þjóðfélagi almennt og líka í Öldutúnsskóla.

## 2. Vorhátíð

- Verður haldin föstudaginn 29.4.2016
- Valdimar ætlar að skipuleggja: gæslu á íþróttasvæði og í skólanum, nemendur úr 10. bekk sjá um andlitsmálningu. Hafa samband við kór, tónlistaratriði, dans, umhverfishorn osfrv.
- Hoppukastali – **Snædís**
- Viðavangshlaup – **Ingibjörg** mun hafa samband við Friðleif og Maríu.
- Umræða var um hvort við ættum aftur að hafa medalíur eða önnur verðlaun eins og íspinna, safa? Medalíur eru dýrar og í dag hafa flestir krakkar hvort sem er mikið af medalíum. Íspinnar eru ódýrari og jafnvel vinsælli. Neikvætt gæti verið að það gæti orsakað rusl, dregið úr sölu kökum og pylsum.
- Auglýsingin: **Snædís**
- Pylsusala 6. bekkur – **Ingvar** ætlar að hafa samband við bekkjartengla eftir páska. **Pröstur** ætlar að athuga hvort við getum fengið pylsur ódýrari
- Kökusala – **Íris** ætlar að hafa samband við bekkjartengla 8. bekk
- Vaktaplan: **Valerie/Snædís**

## 3. Fjármál: -230.000 isk- þetta ætti að vera nóg fyrir Vorhátíð

## 4. Fréttir af Foreldraráð Hafnarfjarðar:

Foreldraverðlaun verður veitt þann 5. apríl. Opið fyrir tilnefningar í mars, meðlimir í stjórn foreldrafélaga mega ekki tilnefna né vera tilnefndir. Athöfnin fer fram í Bæjarbíó og byrjar með fyrirlestri um fíkniefni (Geir Bjarnasson og Guðmundur ? munu halda erindi). Von um að fleiri foreldrar mæti.

## 5. Foreldrarölt

Gengur vel, síðan um áramót hefur verið mannað/gengið alltaf nema þrisvar.

## 6. Önnur mál

- Fjáröflun 10. bekkjar hefur gengið vel, mestur gróði af sölu á peysum, tvisvar á ári kaffihúsasöla fyrir unglिंगadeild, tilkynnt með verð nokkrum dögum áður, unglingar gátu keypt sér kökur, skinkuhorn, drykkur osfrv.
- Næsti stjórnafundur verður 11.4.16

Fundi slitið kl. 22.15

Ritari: Valerie Maier

**Lokamat í 10. bekk í Öldutúnsskóla vorið 2016**

- Lokamat í íslensku, stærðfræði, ensku, Norðurlandamáli, íþróttum, samfélagsfræði og náttúrufræði í 10. bekk byggir á hæfniviðmiðum eins og hægt er.
- Þar sem ekki hefur verið unnið markvisst samkvæmt hæfniviðmiðum frá byrjun skólaárs skal styðjast við neðangreinda töflu.

A	93-100%
B+	83-92%
B	73-82%
C+	63-72%
C	53-62%
D	52% og undir

- Lokamat í samfélags- og náttúrufræði verður einungis byggt á vinnu nemenda í 10. bekk.
- Í valgreinum verði gefið Lokið - Ólokið.
- Nemendur í öðrum skólum en Hvaleyrarskóla fá lokamat í tölustöfum í list- og verkgreinum.
- Nemendur fá lokamat í tölustöfum eða bókstöfum í upplýsinga- og tæknimennt.
- Nemendur sem luku grunnskólaprófi að vori 2015 fá lokamat í tölustöfum.
- Nemendur í 8. og 9. bekk sem ljúka grunnskólaprófi í einstökum námsgreinum vorið 2016 fá lokamat í bókstöfum.
- Allir skólar taki upp K-3 í öllum árgöngum skólanna frá og með hausti 2016.